

til laga um hvalveiðar.

Flutningsmenn: Ásgeir Ásgeirsson, Ágúst Flygenring, Sigurjón Jónsson  
og Sveinn Ólafsson.

1. gr.

Allir skíðishvalir skulu friðaðir fyrir skotum hvarvetna í landhelgi, svo fyrir land utan sem á flóum og fjörðum inni árið um kring, nema í ísvök sjeu eða fastir á grynningum eða hamlaðir á annan hátt þvilíkan. Reka má hvaði á land og drepa, ef það er gert með handskutlum eða lagvopnum, en eigi með skotum, og skal þess þá ávalt gætt, að eigi sje sildveiði eða veiðarfærum spilt.

2. gr.

Bannað er að hafa hvalveiðastöðvar á landi og flotstöðvar í landhelgi, sem og að flytja hval í land til hagnýtingar, nema til þess sje fengið sjerleyfi. Sjerleyfi veitir atvinnumálaráðherra, að fenginni umsögn stjórnar Fiskifjelags Íslands. Sjerleyfi skal bundið við ákveðinn fjölda veiðiskipa og veitist eigi lengur en til 10 ára í senn. Sjerleyfi geta íslenskir ríkisborgarar einir fengið.

3. gr.

Sjerleyfi til hvalvinslu í landi skal bundið því skilyrði, að hvalurinn sje að fullu hagnýttur.

Enn fremur skal greiða árgjald af hverju hvalveiðaskipi, eigi minna en 500 krónur.

Frekari skilyrði getur atvinnumálaráðherra sett, eftir því sem ástæða þykir til.

4. gr.

Ef tjón verður á skipum, farmi, afla eða veiðarfærum af völdum hvalveiðamanna, er sjerleyfi hafa, innan landhelginnar, skal sjerleyfishafi bæta tjónið að fullu, nema um sje að kenna ólöglegu athæfi eða vitaverðu gáleysi þeirra, er fyrir tjóninu verða. Sama gildir og, ef manntjón verður eða aðrar slysfarir af völdum hvalveiðamanna.

5. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, frá 1000—10000 kr., er renna í ríkissjóð. Svo skulu og veiðarfæri og afli upptæk, þegar um ólöglega veiði eða hagnýting er að ræða, og rennur andvirðið eitt í ríkissjóð.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1926. Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 44, 13. nóv. 1903, og lög nr. 18, 4. júní 1924.

### Greinargerð.

Norðmenn og — eftir því sem flutningsmenn vita til — allar aðrar þjóðir eru nú horfnir frá algerðri friðun stórhvelis og hafa tekið í lög heimild fyrir ríkisstjórnir sínar til að veita sjerleyfi til hvalveiða, gegn endurgjaldi i rikissjóð. Á síðasta sumri voru hvalveiðar reknar í hafinu milli Íslands og Færeyja, og er óþarft, að vjer Íslendingar alfriðum hvalinn handa öðrum að drepa, enda er nú talið sannað mál af fiskifræðingum, að hvalir hafi engin áhrif til bóta á sildveiði. Er það reynsla Norðmanna, að sildveiði sje ekki eins stopul síðan hvölum fækkaði, því hvalir geri usla i sildinni og hreki hana engu síður frá landi en að. Það kemur að engu liði, að vjer Íslendingar höfum aðra löggjöf um þessi efni en aðrar þjóðir, og því er frv. þetta fram flutt.